

Borgarholtsskóli

LEI 303

Kennsluáætlun vorönn 2012

Kennarar

Guðný María Jónsdóttir
Guðlaug María Bjarnadóttir

Markmið

Nemendur hljóti frekari þjálfun í spuna og leikhússporti. Nemendur kynnist frekar leiklistarsögunni, straumum og stefnum með megináherslu á leikhús fáránleikans og raunsæis. Að þjálfna nemendur í sagnahefð, því að segja sögur á lifandi hátt. Að þjálfna nemendur í skapandi skrifum er þeir vinna einstaklingsverkefni í formi eintals. Að nemendur kynnist barnaleikhúsi og leiklist fyrir börn. Að nemendur kynnist menningartengdum stofnunum og efli með sér menningarläsi og gagnrýna hugsun.

Efnisatriði

Leikir og leikhússport

Spuni – frjáls og með þema

Persónusköpun

Hver nemandi vinnur eintal sem verður flutt til prófs í vor – 4- 8 mínútur að lengd

Leiklestrar – ýmis verk skoðuð

Leiklistarsagan skoðuð – kenningar og fræðimenn

Leikrit lesin og verkefni unnin í tengslum við það

Leikhús fáránleikans og leikhús raunveruleikans

Vettvangsferð – Leiklistarskóli Íslands

Storytelling – að segja sögu

Senuvinna

Útvarpsleikhús – hlustað á leikrit

Leikhúsferðir verða eins margar og við verður komið

Verkefnaskil

Öll verkefnaskil fara fram á Moodle

Nemendur vinna stutt atriði með öðrum nemanda og flytja blaðlaust í tíma

Nemendur skulu flytja eina sögu blaðlaust á önninni í tíma

Nemendur skuli vinna að eintali sem flutt verður í prófi

Nemendur flytja einn fyrirlestur á önninni um leikrit að eigin vali

Nemendur skila skriflegum skýrslum varðandi vettvangs- og leikhúsferðir.

Nemendur halda stuttan fyrirlestra um leikhústengt efni

Leikhúsferðir farnar að kveldi - skyldumæting

Leikhúsfærð – enginn bókakostnaður er í áfanganum en nemendur skulu gera ráð fyrir greiðslu á leikhúsmiðum.

Námsáætlun getur tekið breytingum eftir aðstæðum. Athugið að ef raunmæting fer niður fyrir 87% missir nemandi próftökurétt.

Námsmat:

Símat byggt á mætingu, virkni og þátttöku í tímum – 30%

Verkefnaskil – 20%

Lokapróf með prófdómara – 50%

Með von um góða samvinnu ☺

Guðný María Jónsdóttir og Guðlaug María Bjarnadóttir